

## **Fundargerð 237. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fjárfundur haldinn fimmtudaginn 17. mars 2022 kl.14:00 -15:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson, Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 203 - 236.  
Undirritun frestað.
2. Umsóknarferli 2022 - FF17.  
Bréf til ráðherra með tillögum að styrkþegum 2022 (FF17) ásamt fylgiskjöllum samþykkt og undirritað (sjá meðfylgjandi skjal).
3. Annað.  
Næsta umsóknarferli: engar áherslubreytingar frá stjórn varðandi umsóknareyðublaðið.

Næsti fundur:

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

**Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2022.**


Á fundi sínum þann 17.03 2022 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar. Tillögur stjórnarinnar eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.


Auglýst var eftir umsóknum þann 23. september í Bændablaðinu og 25. september í Fréttablaðinu, en umsóknarfrestur var auglýstur frá og með 27. september til kl. 13 þriðjudaginn 26. október 2021. Þar sem ráðuneytinu barst athugasemd um að það vantaði birtingu á opinberri vefsíðu ANR var ákveðið að auglýsa aftur. Auglýst var aftur þann 18. nóvember í Bændablaðinu og 23. nóvember í Fréttablaðinu. Umsóknarfrestur var auglýstur frá og með 15. nóvember til kl. 13 þriðjudaginn 07. desember 2021.

Alls bárust 154 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.715.357.819,- til verkefna að heildarfjárhæð kr. 3.607.541.198,-. Af innsendum umsóknum voru 33 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Að þessu sinni er lagt til að alls 54 verkefni séu styrkt úthlutunar að þessu sinni samtals kr. 584.200.000,-. Af þeim verkefnum sem fá styrk að þessu sinni þá eru 44 af 54 verkefnum skilgreind á áfangastaðaáætlun innan síns svæðis.

Virðingarfyllst,

  
Halldór Eiríksson formaður

  
Dagný Arnarsdóttir

  
Pétur Óskarsson

  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

**Fylgigögn tillagna:**

*FF17 2022 - Tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.*

*FF17 2022 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. tegund umsækjenda.*

*FF17 2022 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. landshlutum.*

*FF17 2022 - Yfirlit umsækjenda – afgreiðsla mála.*

*FF17 2022 - Skipting umsækjenda eftir landshlutum (kökurit).*

*FF17 2022 - Skipting styrkþega eftir landshlutum (kökurit).*

*FF17 2022 - Gæðamatsblað umsókna.*

*FF17 2022 - I - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.*

*FF17 2022 - II - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.*

*FF17 2022 - Auglýsing.*

*FF17 2022 - Auglýsing – seinni.*

*FF17 2022 - Reglugerð um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.*